

Ed.

202. Nefndarálit

[119. mál]

um frv. til l. um tollskrá o. fl.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Þetta tollafrv. er það þriðja, er fram kemur frá 1970 vegna aðildar Íslands að EFTA og er í samræmi við samninga um tollalækkanir milli aðildarríkjanna. Alþýðuflokkurinn styður því meginefni þessa frv. Frv. gerir ráð fyrir lækkun tolla í áföngum á næstu 4 árum og mun tollur á mörgum vélum og efni til iðnaðarins verða 0 árið 1980.

Þótt þessi breyting til lækkunar tolla sé í rétta átt, vantar enn mikið á, að eðlileg samræming sé í tollum hér á landi. Þetta er viðurkennt í athugasemdum við frv. á bls. 253, en þar segir: „Þá er og ljóst að þrátt fyrir að frv. þetta geri ráð fyrir verulegum tollalækkunum á næstu 4 árum verður tæplega hjá því komist að endurskoða enn frekar hæstu fjáröflunartolla til lækkunar á því tímabili.“

Undirritaður vill undirstrika efni þessarar málsgreinar, og það er krafa þingmanna Alþfl. að staðið verði við að framkvæma boðaða endurskoðun og endurmat á fjáröflunartollum fyrir ríkissjóð.

Það er ekki lengur viðunandi að sjá mörg brýnustu heimilistækin í hæstu tollflokkum (80%) þegar margvíslegar miður nauðsynlegar vörur eru í 35% tollflokki eða minna.

Þá hefur ekki verið áætlað hvað tollalækkanir frv. gilda í vísitölu framfærslukostnaðar. Hins vegar er það rækilega undirstrikað að áhrif tollalækkana frv. muni rýra tekjur ríkissjóðs um liðlega þúsund milljónir króna.

Undirritaður telur að með lögfestingu 18% vörugjalds og eins að nú fellur allur söluskattur óskiptur í ríkissjóð sé tekjuþörf ríkissjóðs vel mætt, ef á annað borð sé um stjórnun á fjármálum ríkisins að ræða.

Alþingi, 15. des. 1976.

Jón Árm. Héðinsson.